



Vinnumálastofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður endurskoðunar.....	4
3	Viðbrögð við ábendingum	5
4	Fjárheimildir og rekstur	6
4.1	Fjárheimildir	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur	7
5.2	Bókhalds- og launavinnsla.....	7
5.3	Aðskilnaður fjármála og bókhalds.....	7
5.4	Niðurstöður/ábendingar	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	8
6.1	Inngangur	8
6.1.1	Risna.....	8
6.1.2	Virðisaukaskattur	8
6.1.3	Lög um atvinnuleysistryggingasjóð.....	8
6.1.4	Lög um fæðingar- og foreldraorlof	8
6.1.5	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.....	8
6.2	Niðurstöður	9
7	Endurskoðun rekstrarliða	10
7.1	Húsaleigukostnaður	10
7.2	Fylgiskjalaendurskoðun tekna.....	10
7.3	Endurskoðun launa	10
7.4	Annar rekstrarkostnaður.....	10
7.5	Húsnæðiskostnaður	11
7.6	Niðurstöður/ábendingar	11
8	Endurskoðun efnahagsliða	12
8.1	Eignir	12
8.1.1	Viðskiptakröfur	12
8.2	Eigið fé og skuldir	12
8.2.1	Höfuðstóll	12
8.2.2	Ríkissjóður.....	12
8.2.3	Vörslufé.....	12
9	Önnur atriði	13
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	13
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	13

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Vinnumálastofnunar fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif samninga, séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Vinnumálastofnunar hefur verið árlega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður endurskoðunar

Endurskoðun Vinnumálastofnunar vegna rekstrarársins 2016 er að mestu án athugasemda. Hér á eftir er greint frá helstu niðurstöðum.

1. Þjónustusamningur við Atvinnuleysistryggingasjóð

Ríkisendurskoðun leggur til að þjónustusamningur milli Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs verði endurgerður og þar verði einnig fjallað um vinnumarkaðsúrræði.

2. Laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs

Vinnumálastofnun greiðir laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ætti að greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði og er lagt til að því verði breytt.

3. Kostnaður af rekstri fæðingarorlofssjóðs

Í 6. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof segir að kostnaður af rekstri fæðingarorlofssjóðs greiðist af tekjum hans. Vinnumálastofnun greiðir fyrir hluta af rekstri sjóðsins með öðrum hætti og er lagt til að úr því verði bætt.

4. Þjónustusamningur við Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga

Ekki hefur verið gerður þjónustusamningur milli Vinnumálastofnunar og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga eins og lög kveða á um.

5. Greiðslur fyrir akstur

Hjá stofnunum A-hluta ríkissjóðs skal greiða fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók en ekki miðað við fastákveðna kílómetra í hverjum mánuði. Nokkrir starfsmenn fengu fastar akstursgreiðslur í hverjum mánuði. Lagt er til að greiðslur verði færðar í rétt horf.

3 Viðbrögð við ábendingum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Vinnumálastofnun vegna ábendinga sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2016.

1. Þjónustusamningur við Atvinnuleysistryggingasjóð

„Forstjóri mun vinna drög að endurgerðum þjónustusamningi við Atvinnuleysistryggingasjóð og leggja fyrir fagráðuneyti.“

2. Laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs

„Fjármálastjóri og launafulltrúi hafa unnið úr ábendingu varðandi laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingarsjóðs þannig að á árinu 2018 munu laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs greiðast úr sjóðnum.“

4. Þjónustusamningur við Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga

„Forstjóri mun vinna drög að þjónustusamningi við Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og leggja fyrir fagráðuneyti.“

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-921.400	-1.109.480	188.080	-975.229
Önnur rekstrargjöld	1.231.816	1.322.363	-90.548	1.231.652
Eignakaup	3.100	10.454	-7.354	7.450
Samtals	313.516	223.338	90.178	263.872

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Upphafleg rekstraráætlun var skráð í bókhaldskerfi ríkisins. Samkvæmt rekstraráætluninni var reiknað með neikvæðri afkomu um 8,9 m.kr. á árinu 2016 en rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 73,4 m.kr.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður Vinnumálastofnunar og stjórn bera ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Bókhalds- og launavinnsla

Til eru skráðir ferlar vegna fjármuna og verið er að skrá aðra ferla við gerð gæðahandbókar. Einstakir ferlar voru athugaðir án athugasemda. Sérstakt ferli er innan stofnunarinnar vegna greiðslu og bókuunar reikninga, þar sem gjaldkeri bæði bókar og greiðir. Það eru til staðar sérstakar eftirlitsaðgerðir sem tryggja réttmæti greiðslna og bókana.

5.3 Aðskilnaður fjármála og bókhalds

Verklagsreglur sem eiga að tryggja aðskilnað fjármála og bókhalds voru skoðaðar. Verkferillinn er þannig að aðalbókari stimplar á hvern reikning með bókuunarupplýsingum og gjaldkeri skráir þær upplýsingar í bókhaldskerfið. Aðalbókari fer yfir greiðsluskrárnar á hverjum morgni áður en gjaldkeri greiðir. Aðalbókari kvittar upp á gögnin og geymir í möppu.

5.4 Niðurstöður/ábendingar

Aðgreining starfa sem snúa að greiðslum og bókhaldi er mikilvægur þáttur í innra eftirliti. Vinnumálastofnun hefur innleitt sérstaka eftirlitsaðgerðir sem tryggja réttmæti greiðslna og bókana.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og 54/2006 um atvinnuleysistryggingar, ásamt því að fara með framkvæmd fjöldamargra annarra laga.

6.1.1 Risna

Reikningar ársins 2016 voru skoðaðir með úrtaksskoðun og voru reikningar vegna risnu án athugasemda.

6.1.2 Virðisaukaskattur

Bókun og merkingar reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins.

6.1.3 Lög um atvinnuleysistryggingasjóð

Ríkisendurskoðun leggur til að þjónustusamningur milli Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs verði endurgerður og þar verði einnig fjallað um vinnumarkaðsúrræði.

6.1.4 Lög um fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof skal Fæðingarorlofssjóður vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu hans. Fæðingarorlofssjóður greiðir 102,3 m.kr. til Vinnumálastofnunar. Beinn kostnaður við rekstur skrifstofu sjóðsins á Hvammstanga er 104,5 m.kr. auk verulegs óbeins kostnaðar vegna stoðþjónustu í höfuðstöðvum Vinnumálastofnunar. Í 6. mgr. 4. gr. áðurnefndra laga segir að kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans. Vinnumálastofnun greiðir fyrir hluta af rekstri sjóðsins með öðrum hætti og er lagt til að úr því verði bætt.

6.1.5 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Í 7. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar segir að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga á grundvelli þjónustusamnings. Ekki er til þjónustusamningur milli Vinnumálastofnunar og sjóðsins eins og lög kveða á um. Lagt er til að þessi ákvæði laganna verði uppfyllt.

6.2 Niðurstöður

Vinnumálastofnun greiðir laun stjórnarmanna Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ættu að greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Gerð er athugasemd við framkvæmdina.

Í 6. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof segir að kostnaður af rekstri fæðingarorlofssjóðs greiðist af tekjum hans. Vinnumálastofnun greiðir fyrir hluta af rekstri sjóðsins með öðrum hætti og er lagt til að úr því verði bætt.

Ekki er til þjónustusamningur milli Vinnumálastofnunar og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga eins og lög nr. 54/2006 kveða á um.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Húsaleigukostnaður

Vinnumálastofnun hefur greitt kostnað vegna húsnæðis Atvinnuleysistryggingasjóðs við Laugaveg. Á árinu var húsnæðið leigt út og Atvinnuleysistryggingasjóður fékk leigutekjurnar. Ríkisendurskoðun telur að eðlilegra væri að færa tekjur og kostnað við fasteignina alfarið hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Vinnumálastofnun ætlar að haga málum fasteignar með þessum hætti frá og með 2017.

7.2 Fylgiskjalaendurskoðun tekna

Framkvæmd var fylgiskjalaendurskoðun tekna, sem var að mestu athugasemdalaus.

7.3 Endurskoðun launa

Launakostnaður Vinnumálastofnunar var 1.322 m.kr. sem jafngildir 78,7% af heildarrekstrarkostnaði.

Mannauðsdeild Vinnumálastofnunar fer með öll starfsmannamál. Til eru skráðir verkferlar sem varða launaframkvæmd þar sem meðal annars er fjallað um nauðsynlega verkaskiptingu milli þeirra sem ákveða laun annars vegar og þeirra sem skrá upplýsingar í launakerfið hins vegar. Verkferill er til fyrir nýráðningar en hann nær til þarfagreininga, auglýsinga á störfum, fyrirspruna og viðtalsboðana. Þegar launabreytingar eiga sér stað þá þarf að liggja fyrir rökstuðningur ásamt samþykki næsta yfirmanns.

Til að staðfesta framangreindra verkferla vegna launa var tekið úrtak launa og voru laun allra starfsmanna borin saman á milli ára. Skoðaðar voru breytingar hvers stéttarfélags fyrir sig. Ef að einstaka starfsmenn innan stéttarfélags höfðu hækkað umfram samningsbundna hækkun var leitað skýringa á hækkuninni. Gerð var grein fyrir þeim hækkunum sem voru ýmist vegna stofnanasamninga, leiðréttinga vegna kyns, menntunar, fastráðninga eða breytinga á starfi.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun vakið athygli á framkvæmd ökutækjastyrkja hjá A-hluta stofnunum og þeim reglum sem gilda. Hjá ríkisstofnunum er greitt fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók en ekki miðað við fastákveðna kílómetra í hverjum mánuði. Ekki er í öllum tilfellum farið eftir settum reglum þar sem nokkrir starfsmenn fengu fastar akstursgreiðslur í hverjum mánuði.

7.4 Annar rekstrarkostnaður

Aðalbókari móttækur reikninga og sendir viðeigandi yfirmanni til uppáskriftar. Þegar reikningar hafa verið samþykktir bókar aðalbókari reikningana til gjalda sem gjaldkeri síðan greiðir. Aðalbókari stemmir af lánardrottna mánaðarlega og sérfræðingur yfirfer afstemmingarnar. Tekið var úrtak lánardrottna og viðskipti við þá sérstaklega yfirfarin.

Greining var gerð á raunbreytingum milli ára á kostnaðarliðum. Aflað var gagna um ástæður hækkana og endurskoðunaraðgerð framkvæmd á mikilvægum liðum.

7.5 Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður stofnunar nam 97,9 m.kr. og voru húsaleigusamningar bornir saman við útgreiðslur. Vinnumálastofnun á einnig húsnæði á Egilsstöðum sem er í sölufarli.

Ekki eru gerðar athugasemdir.

7.6 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun telur að eðlilegra væri að færa tekjur og kostnað við fasteign Atvinnuþryggingasjóðs við Laugaveg alfarið hjá Atvinnuleysistryggingasjóð. Vinnumálastofnun ætlar að haga málum fasteignar með þessu hætti frá og með 2017.

Hjá ríkisstofnunum er ökutækjastyrkur miðaður við eknar vegalengdir samkvæmt akstursdagbók en ekki miðað við fastákveðna kílómetra í hverjum mánuði. Nokkrir starfsmenn fengu fastar akstursgreiðslur í hverjum mánuði. Ríkisendurskoðun leggur til að akstursgreiðslur verði í samræmi við reglur.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 489,7 m.kr., skuldir námu 423,3 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 66,4 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Viðskiptakröfur	129.944	18.130	111.814
Handbært fé	359.785	195.770	164.015
Eignir alls	489.730	213.901	275.829
Eigið fé:			
Höfuðstóll	66.478	-6.884	73.362
Skuldir:			
Ríkissjóður	375.339	163.725	211.614
Viðskiptaskuldir	47.913	57.060	-9.147
Eigið fé og skuldir alls	489.730	213.901	275.829

8.1 Eignir

Staðfestar voru afstemmingar á handbæru fé í árslok með því að bera saman bókhald stofnunarinnar og ytri gögn frá viðskiptabönkum.

8.1.1 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur voru yfirfarnar án athugasemda. Stærstur hluti krafanna eru vegna verkefna sem Vinnumálastofnun er með í umsjá hjá sér.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll var neikvæður um 6,8 m.kr. í ársbyrjun. Hagnaður ársins var 73,4 m.kr. og nam höfuðstóll í árslok 66,4 m.kr.

8.2.2 Ríkissjóður

Greiðslustaða við ríkissjóð í árslok var 375,3 m.kr.

8.2.3 Vörslufé

Vinnumálastofnun er með einn reikning vegna vörslufjár að fjárhæð 5,0 m.kr.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda Vinnumálastofnunar, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Vinnumálastofnun.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is